


Leghálsskoðun

Einföld en mikilvæg rannsókn



Leghálsskoðun er einföld rannsókn en mjög mikilvæg sem heilsuvernd. Því vill Leitarstöð Krabbameinsfélagsins minna þig á að koma reglulega til leghálsskoðunar.

Hver er tilgangurinn með leghálsskoðun?

Í leghálsslímhúðinni eru frumur sem geta breyst og þróast yfir í krabbamein. Þessar frumubreytingar eru almennt kallaðar forstigsbreytingar og er unnt að greina þær með frumustroki frá leghálsi. Ef breytingar verða er hægt að grípa inn í þá þróun með minni háttar aðgerð og koma þannig í veg fyrir að krabbamein nái að myndast.

Hvað veldur frumubreytingum í leghálsi?

Algengustu orsakir eru sýkingar af völdum veira sem smita við samfarir.

Mest er áhættan hjá stúlkum, sem byrja mjög ungar að lifa kynlífi, hafa marga rekkjunauta og/eða reykja. Aukin áhætta fylgir frjálsræði beggja kynja í kynlífi. Fleiri þættir virðast þó jafnframt geta haft áhrif svo sem aðrar sýkingar í kynfærum.



Hvernig fer leghálsskoðun fram?

Megintilgangur leghálsskoðunar er að fá frumustrok. Læknirinn notar lítinn tréspaða

og bursta til að taka frumusýni frá yfirborði leghálsins. Sýnið er sett á smásjárgler sem er litað og síðan skoðað í smásjá á frumurannsóknarstofu. Að jafnaði tekur um þrjár vikur að fá niðurstöðu úr frumustrokinu. Langflest sýni eru eðlileg.

Hvað svo?

Ef sýnið þitt reynist eðlilegt ertu samt sem áður hvött til að koma reglulega í skoðun. Finnist afbrigðilegar frumur í sýninu þínu er þér sent bréf með niðurstöðum og ráðlegg-ingum um framhald. Þér verður þá annað hvort fylgt eftir með þéttari skoðunum í ákveðinn tíma eða ráðlagt að fara í legháls-speglun til nákvæmari greiningar. Frumubreytingar eru ekki krabbamein en krefjast alltaf nánari athugunar og eftirlits.



Leghálssýnið er tekið frá litaða svæðinu.

Hvaða konur þurfa að koma í leghálsskoðun?

Þar sem krabbamein geta þróast á löngum tíma óháð aldri er mælt með að allar konur sem byrjað hafa kynlíf komi reglulega, á tveggja til þriggja ára fresti, í skoðun eftir tvítugt.

Hvert er hægt að fara í leghálsskoðun?

- Á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands í Reykjavík
- Á heilsugæslustöðvar
- Á stofu til sérfræðings í kvensjúkdómum
- Til heimilislækna

Vilt þú vita meira?

Ef þú vilt fræðast meira um leghálsskoðun og leghálskrabbamein skaltu leita upplýsinga hjá lækni eða Leitarstöð Krabbameinsfélagsins í síma 540 1919.

Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Krabbameinsráðgjöfinni í síma 800-4040. Fræðslurit Krabbameinsfélagsins liggja frammi hjá félaginu, á flestum heilsugæslustöðvum, í apótekum og víðar. Vefslóð félagsins er www.krabb.is.

Kynntu þér líka „Heilsuboðorðin“ frá Krabbameinsfélaginu og upplýsingar um sjö hættumerki krabbameins.

Heilsuþóðorðin

Leiðir til betri heilsu

Láttu þér umhugað um velferð þína og fjölskyldu þinnar. Þú getur minnkað líkurnar á að fá krabbamein og aukið batahorfur með því að fylgja eftirfarandi ráðum:

- Notaðu verjur við skyndimök.
- Reyktu ekki og forðastu að anda að þér tóbaksreyk.
- Stundaðu líkamsrækt, vandaðu fæðuval og neyttu áfengis einungis í hófi.
- Verndaðu sjálfa þig og fjölskyldu þína, einkum börn, fyrir sólbruna. Þú getur orðið brún án þess að brenna, ef þú gefur þér tíma til þess. Skoðaðu húðina reglulega og láttu lækni líta á allar breytingar.
- Komdu reglulega í leghálskrabbameinsleit eftir tvítugt og brjóstamyndatöku eftir fertugt.
- Mundu eftir að skoða sjálf brjóstin þín mánaðarlega.
- Vertu vakandi fyrir breytingum á heilsufari þínu.

LEGHÁLSSTROK

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins.
Nóvember 1999.

Útgefandi: Krabbameinsfélag Reykjavíkur fyrir hönd
krabbameinssamtakanna.

Höfundur: Þorbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri.

Ábyrgðarmaður: Guðlaug B. Guðjónsdóttir.

Teikning á forsiðu og sama mynd bls. 3 eru birtar með leyfi frá kanadíska krabbameinsfélaginu. (© Canadian Cancer Society).

Uppsetning og prentun: Hjá Guðjónó.



Krabbameinsfélagið

Skógarhlíð 8, Reykjavík. Sími 540 1919.

Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.

www.krabb.is